

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 15.desember 2023 kl.14:00.
Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Úlfar Eyjólffsson Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði sem er í fjarfundi.

Oddsviti það leyfis að bæta inn tveim málum sem ekki voru komin inn á fundarboð, það var samþykkt og eru þau mál nr. 9 og 10.

Dagskrá fundarins;

1. Fjárhagsáætlun 2024 til 2027, síðari umræða.
2. Sameiningarviðræður sveitarfélaga, umsögn frá Innviðaráðuneyti. Lagt fram til kynningar og umræðu.
3. Byggðakvóti, sækja þarf um undanþágu á vinnslu. Lagt fram til umræðu.
4. Þjóðlendumál, bréf frá Óbyggðanefnd, lagt fram til kynningar og umræðu.
5. Umhverfisstofnun, reglubundið eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum hjá Norðurfjarðarhöfn.
6. Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi lögbundnar nefndir í sveitarfélögum vegna fyrirspurnar á Alþingi.
7. Bréf frá Fjarskiptastofu, skráning fjarskiptafyrirtækis; Ljósleiðari Árneshrepps.
8. Félagsheimilið Árnesi, tryggingamál, hugsanlegar breytingar.

1. Fjárhagsáætlun 2024 til 2027, síðari umræða. Ákveðið var að láta 1 milljón kr. til brunavarnamála frá líðandi ári standa áfram inni til kaupa á m.a. reykskynjurum. Eins og kom fram við fyrri umræðu verða fasteignaskattar og útsvar óbreytt frá fyrra ári og framlög úr Jöfnunarsjóði byggja á áætlunum frá sjóðnum. Kostnaður vegna sorphirðu og rotþróaþjónustu hefur hækkað um tæp 220% frá fyrra ári og því er nauðsynlegt að hækka þessi gjöld á milli ára um 60%. Ákveðið var að setja 2,5 millj.kr í áframhaldandi vinnu við þök á verslunarhúsi, taka salernin í íbúðum 1 og 3, til þess verða settar 5 millj. Í Finnbogastaðaskóla fyrir varmadælu kr. 5 millj. og í vinnu við bílskúr að innan kr. 5 millj. Ennfremur er gert ráð fyrir viðhaldi og endurnýjun á gluggum í húsnæði hreppsins og verða settar í það kr. 3millj. og jafnframt bekkir og borð kr. 0,5 millj. Framvegis ber

að

306.

gera skriflega verksamninga vegna verktöku og ráðningasamning annarar vinnu. Þar með lauk síðari umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árin 2024 til 2027 og var hún samþykkt.

1. Sameiningarviðræður sveitarfélaga, umsögn frá Innviðaráðuneyti. Lagt fram til kynningar og umræðu. Ákveðið var að oddviti skrifi Innviðaráðuneytinu varðandi stöðu sveitarfélagsins og leggi áherslu á góða fjárhagsstöðu og samvinnu við önnur sveitarfélög.
2. Byggðakvóti, sækja þarf um undanþágu á vinnslu. Lagt fram til umræðu. Sótt verður um undanþágu frá vinnsluskyldu fyrir 29. desember n.k.
3. Þjóðlendumál, bréf frá Óbyggðanefnd, lagt fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd ákvað að lýsa yfir andstöðu við kröfum ríkisins og óbyggðanefndar varðandi friðland á jörðum í einkaeigu. Oddviti mun skrifa Óbyggðanefnd varðandi málið.
4. Umhverfisstofnun, reglubundið eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum hjá Norðurfjarðarhöfn. Setja skal skýrslu Umhverfisstofnunar inn á heimasíðu hreppsins.
5. Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi lögbundnar nefndir í sveitarfélögum vegna fyrirspurnar á Alþingi. Sent verður svar til Innviðaráðuneytis.
6. Bréf frá Fjarskiptastofu, skráning fjarskiptafyrirtækis; Ljósleiðari Árneshrepps. Nú er komið að því að senda út reikninga til þeirra sem eru búnir eru að tengjast.
7. Félagsheimilið Árnesi, tryggingamál, hugsanlegar breytingar. Ákveðið var að hækka innbúsverðmæti 5,5 mkr.
8. Tilnefning í landshlutanefnd, svar hefur verið sent til Ráðuneytis.
9. Römpum upp Ísland, verkefnið lagt fram til kynningar og verður tekið aftur fyrir eftir áramót.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10.